

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Keflavík.

1. gr.

Af öllum nýbyggingum, svo og stækkunum eldri húsa í Keflavík, skal greiða bæjarsjóði Keflavíkur gatnagerðargjöld samkvæmt gjaldskrá og ákvæðum þessarar reglugerðar.

2. gr.

Af hverjum rúmmetra húss greiðist ákvæðinn hundradshluti byggingarkostnaðar pr. rúmmetra, eins og hann er hverju sinni á vísitöluhúsinu samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands, að frádregnum kostnaði við gatnagerð pr. rúmmetra svo sem hér segir:

| | |
|---|------|
| 1. Einbýlishús | 7,0% |
| 2. Raðhús, tvíbýlishús | 4,5% |
| 3. Fjölbýlishús | 2,5% |
| 4. Verslunar- og skrifstofuhúsnaði | 2,5% |
| 5. Iðnaðarhús | 2,5% |
| 6. Sérstæðir gróðurskálar (13 m ² og stærri) | 2,0% |
| 7. Endurbygging þaka án aukningar á nýtingu | 2,0% |
| 8. Annað húsnaði | 2,5% |

Bæjarstjórn getur í sérstökum tilfellum vikið frá gjaldskrá þessari.

Rúmmál húss skal reikna frá neðstu grunnplötu. Bílageymslur og önnur útihús skal telja með við útreikning á rúmmáli húsa.

Af gluggalausum kjallararými íbúðarhúsa, sem myndast þegar hagkvæmara er að grafa út grunn en fylla hann upp, skal greiða 25% af venjulegu rúmmetragjaldi, enda sé aðeins gengt í það rými innan frá. Af sameiginlegum bílageymslum sem byggðar eru samkvæmt skipulagsskilmálum og koma í stað bifreiðastæða skal greiða 25% af rúmmetragjaldi þeirra húsa, er þær skulu þjóna.

Af iðnaðarhúsnaði sem vegna starfsemi sinnar þarf meira en 5,5 m lofthæð skal hámarkslofthæð að jafnaði reiknast 5,5 m við útreikning rúmmetragjalds.

3. gr.

Rífi lóðarhafi gamalt hús til að rýma fyrir nýju á sömu lóð, skal gjald samkvæmt 2. gr. vera rúmmetragjald nýja hússins að frádregnum rúmmetrum þess húss, sem fjarlægt er. Sama gildir ef hús brennur og byggt er að nýju á sömu lóð.

4. gr.

Gatnagerðargjald skal áætla þegar lóðarúthlutun fer fram og skal helmingur þess greiddur innan mánaðar frá veitingu lóðar, ella fellur úthlutun sjálfkrafa úr gildi. Eftirstöðvar gjaldsins falla í gjalddaga þegar byggingarnefndarteikning er samþykkt og skal greiða það (eða semja um greiðslu) innan mánaðar. Þegar byggt er á eignarlóð eða eldra hús stækkað, skal greiða allt gjaldið við útgáfu byggingarleyfis.

5. gr.

Ef lóðarhafi ætlar að byggja á lóð í áföngum getur bæjarráð heimilað að greitt verði gatnagerðargjald af fyrirhuguðum mannvirkjum samkvæmt áfangaskiptingu, en þá skal endanlegt gatnagerðargjald vera rúmmetragjald, sem er í gildi þegar byggingarleyfi hvers áfanga er útgefið. Umsækjandi skal taka það sérstaklega fram í umsókn um úthlutun lóðar, að hann ætli að reisa fyrirhugað mannvirki í áföngum.

6. gr.

Óski lóðarhafi að skila lóð á hann rétt á endurgreiðslu á greiddu gatnagerðargjaldi miðað við gildandi gjaldskrá hverju sinni (skv. línulegum útreikningi) að frádregnu 5%, sem bæjarsjóður heldur eftir. Heimilt er að fresta endurgreiðslu uns lóðin hefur verið veitt að nýju, þó ekki lengur en 6 mánuði frá því lóðinni var skilað. Sama gildir ef lóð er tekin af lóðarhafa vegna vanefnda hans á skilmálum.

7. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum og kostnaði fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur einnig til váttryggingarfjár hennar.

8. gr.

Ekkert af ákvæðum þessarar reglugerðar leysir lóðarhafa undan skyldum, samkvæmt byggingarlögum og byggingarreglugerð, til að sækja um og fá samþykkt byggingarleyfi til framkvæmda, og til greiðslu byggingarleyfisgjalda.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Keflavíkur staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld til þess að öðlast gildir þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytinu, 2. mars 1987.

Alexander Stefánsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Akureyrarhöfn.

I. KAFLI

Höfnin og stjórn hennar.

1. gr.

Takmörk hafnarinnar.

- 1.1. Takmörk Akureyrarhafnar á sjó eru: Að norðan er lína beint í austur frá þeim stað, þar sem mörk lögsagnarumdæmis Akureyrar og Glæsibæjarhrepps koma til sjávar, fram í miðjan Eyjafjörð, þaðan inn eftir miðjum firði að línu úr Glerárós í Geldingsá og liggja mörkin þaðan til lands austan fjarðarins um þá línu. Innan þessara marka afmarkast höfnin af landinu.
- 1.2. Takmörk á landi eru: Umhverfis Höepfnarsbryggju takmarkast landið af austurbrún Drottningarbrautar og línun hornrétt á hana 50 metrum sunnan og norðan við hafnarmannvirkin. Frá Torfunefs-bryggju takmarkast land hafnarinnar af línu hornrétttri á Drottningarbraut 50 metrum sunnan við bryggjuna og síðan af austurbrún Drottningarbrautar og Glerárgötu að Strandgötu. Suðurbrún Strandgötu að Laufás-götu. Austurbrún Laufásgötu að Silfurtanga. Norðurbrún Silfurtanga að Hjalteyrargötu. Austurmörk Hjalteyrargötu að Glerá, þaðan niður eftir Glerá að Óseyri.